

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Suðurnesjabæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Suðurnesjabæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

#### 2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð í Suðurnesjabæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

#### 3. gr.

Sorpgjald fer eftir rúmmáli þeirra sorpílata sem eru við heimili og er sem hér segir:

Stærð sorpílata	Úrgangsflokkur	Sorpgjald á ári
140 lítrar	Lífrænt	10.200
240 lítrar	Almennt/lífrænt, tvískipt tunna	34.000
240 lítrar	Almennt sorp	45.000
240 lítrar	Pappír	8.500
240 lítrar	Plast	8.500
660 lítrar	Almennt sorp	123.750
660 lítrar	Pappír	23.400
660 lítrar	Plast	23.400

#### 4. gr.

Fast gjald á hverja íbúðareiningu kr. 18.000 til innheimtu á allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins.

#### 5. gr.

Skipulags- og umhverfissviði Suðurnesjabæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja gjöld á þá aðila sem verða uppvisir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Suðurnesjabæjar 13. desember 2023, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og skv. 23. gr. laga nr. 55/2003 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2024.

Suðurnesjabær, 13. desember 2023.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri.